119
29. des.

LÖG

um breyting á lögum nr. 59 14. júní 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Rétt til kosninga í málefnum sveita og kaupstaða eiga allir, karlar og konur, sem:

1) eru 21 árs eða eldri, þegar kosning fer fram,
2) eru íslenzkir ríkisborgarar eða hafa jafnan rétt við þá,
3) eru fjárráðir,
4) hafa óflekkað mannorð,
5) hafa átt lögheimili í kjördæmi (hreppi eða kaupstað) síðasta árið fyrir kjördag.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og skal þá tafarlaust leiðrétta kjörskrár í öllum kaupstöðum landsins til samræmis við ákvæði laga þessara.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amalíuborg, 29. desember 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.